

Vefrit fjármálaráðuneytisins

30. nóvember 2006

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – október 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu tíu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 48,8 milljarða króna innan ársins, sem er 28,5 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 28,5 milljörðum hærri en í fyrra, ef undanskildar eru tekjur vegna sólunnar á Landssímanum hf., á meðan gjöldin hækka aðeins um 2,2 milljarða milli ára. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 46,8 milljarða króna, en hann var jákvæður um 68,7 milljarða á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 308 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins. Á sama tíma í fyrra voru tekjurnar 337 ma.kr. Þessi samdráttur milli ára skýrist að mestu leyti af 57 ma.kr. söluhagnaði af Landssímanum sem var tekjufærður í september 2005. Sé litið fram hjá því jukust hins vegar tekjur á tímabilinu um 28,5 ma.kr. milli ára eða 10,2%. Aukningin verður 9,0% ef einnig er leiðrétt fyrir tilfærslu á innheimtum tekjuskatti lögaðila um sl. áramót. Þannig leiðrétt jukust skatttekjur og tryggingagjöld um 10,6% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 6,6% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 3,8%.

Innheimta skatta á tekjur og hagnað nam rúmunum 97 ma.kr. og jókst um 16 ma.kr. frá síðasta ári, eða 20%. Tekjuskattur einstaklinga jókst um 13% og lögaðila um 65% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu). Innheimtur fjármagnstekjuskattur nam 18 ma.kr. og jókst um 1,4% milli ára, en fjármagnstekjuskattur vegna sölu Landssímans myndaði 5,6 ma.kr. tekjur fyrir ríkissjóð í september í fyrra. Sé litið fram hjá þeim eina lið jókst fjármagnstekjuskattur á tímabilinu um 48% milli ára. Innheimt tryggingagjöld jukust um tæp 17% milli ára, eða tæp 7% umfram hækkan launavísitölu á sama tíma. Innheimta eignarskatta nam 7,6 ma.kr. sem er þriðjungur minna en á sama tímabili í fyrra. Að mestu eru þetta stimpilgjöld eða 6 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur dregist saman um 21% frá fyrra ári, meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta nam 147 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins og jókst um 10,3% að nafnvirði frá fyrra ári eða 3,5% umfram hækkan vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti jukust um 11,5% sem jafngildir 4,6% raunaukningu. Vegna lagabreytingar í upphafi ársins sem fól í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar. Sé horft á hreyfanlegt meðaltal nokkurra mánaða kemur fram raunvöxtur tekna af sköttum sem lagðir eru á vöru og þjónustu náði hámarki í árslok 2005 en á þessu ári hefur hægt jafnt og þétt á vextinum. Aðrir veltuskattar en virðisaukaskattur nema tæpum þriðjungu af veltusköttum í heild. Þessir skattar hafa dregist saman að raunvirði á síðustu mánuðum, og er þá miðað við hreyfanlegt meðaltal yfir nokkra mánuði.

Greidd gjöld nema 258,8 milljörðum króna og hækka um 2,2 milljarða frá fyrra ári. Frávik eru meiri á einstökum liðum. Vaxtagreiðslur lækka um 8,2 milljarða, einkum vegna þess að stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl í fyrra. Þá lækkar greiddur fjármagnstekjuskattur um 6,1 milljarð milli ára vegna sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Landssímanum hf. í fyrra. Að vaxtagreiðslum og fjármagnstekjuskatti undanskildum hækka gjöldin um 16,6 milljarða eða 7,1%. Þar munar mestu um 4,9 milljarða hækkan heilbrigðismála og 3,1 milljarð til menntamála. Þá hækka greiðslur til almenntrygginga- og velferðarmála um 2,5 milljarða og til almennrar opinberrar þjónustu um 2,3 milljarða. Greiðslur til löggæslu hækka um 1,5 milljarða, en greiðslur til atvinnamála hækka mun minna, eða um 0,8 milljarða milli ára. Heilbrigðismál og almenntryggingar veiga samtals um helming af heildargreiðslum ríkissjóðs.

Lántökur ársins nema 26 milljörðum króna en afborganir lána eru 41,6 milljarðar. Mismunurinn er fjármagnaður með handbæru fé frá rekstri.

Eiginfjárframlag ríkisins í Nýsköpunarsjóði var aukið um 1 milljarð króna á árinu og 3,3 milljarðar voru greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.


Breytingar á lögum um lífeyrissjóði

Fjármálaráðherra hefur á Alþingi mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lífeyrissjóði. Með frumvarpinu eru lagðar til tvíþættar breytingar. Annars vegar er lagt til að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði hækkað til samræmis við það sem samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði, eða úr 10% í 12%. Samið hefur verið um 2% hækkan á mótframlagi vinnuveitanda á almennum vinnumarkaði. Til að raska ekki gildandi kjarasamningum er jafnframt lagt til með bráðabirgðaákvæði að sé í núgildandi kjarasamningi kveðið á um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skuli vera 10%, skuli heimilt að miða áfram við hlutfallstöðuna 10% þar til nýr kjarasamningur hefur öðlast gildi. Hins vegar er með frumvarpinu lögð til breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem varðar möguleika lífeyrissjóða sem njóta, eða nutu, bakabyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka, til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. þeirra laga. Eins og staðan er í dag er viðkomandi lífeyrissjóðum, vegna sérstöðu þeirra, óheimilt að bregðast við þegar mismunur eigna og skuldbindinga sé kominn umfram þau mörk sem fram koma í 2. mgr. 39. gr. laganna, t.d. með því að skerða réttindi. Þessi lagalega óvissa hefur haft ýmis vandkvæði í för með sér og er því með frumvarpinu lagt til að leyst verði úr þeirri óvissu og umræddum lífeyrissjóðum gert heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr.

Rekstrarútgjöld Landspítala-háskólasjúkrahúss

Á árinu 1998 námu samanlögð rekstrarútgjöld sjúkrahúsanna í Reykjavík, Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítala 14.722 m.kr. á verðlagi þess árs. Eins og kunnugt er voru sjúkrahúsin sameinuð á árinu 2000. Gert er ráð fyrir að útgjöld hins sameinaða sjúkrahúss, Landspítala-háskólasjúkrahúss, verði 30.614 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2007. Það er um 108% hækkan frá árinu 1998 eða árleg meðalhækkan sem nemur um 8,5%. Á sama tíma er áætlað að vísitala neysluverðs hækki um tæp 47% eða um 4,4% á ári að meðaltali. Verðvísitala samneyslu, en það er vísitala sem mælir verðhækkanir á opinberri þjónustu, hefur hins vegar hækkað um 68% eða tæp 6% á ári að meðaltali. Þróun rekstrarútgjalda sjúkrahússins samkvæmt reikningi er sýnd á verðlagi hvers árs fyrir árin 1998 til 2005. Fyrir árið 2006 eru útgjöld miðuð við fjárlög og þær tillögur í fjárlögum sem samþykktar hafa verið. Vegna ársins 2007 er miðað við útgjöld samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2007 að viðbættum tillögum sem hafa verið samþykktar.

Rekstrarútgjöld Landspítala-háskólasjúkrahúss árin 1998-2007



Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,8	11,8
Skattar á tekjur og hagnað	27,3	19,9
Eignarskattar	7,2	-37,0
Skattar á vöru og þjónustu	19,8	10,3
Tryggingagjöld	15,7	16,6
Tekjur alls	47,2	-8,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Almenn opinber þjónusta	35,8	-23,0
Heilbrigðismál	6,7	7,5
Alm.trygg. & velferðarmál	5,0	4,2
Efnahags- og atvinnumál	-3,7	2,3
Menntamál	16,3	12,2
Gjöld alls	10,0	0,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-október		
Milljónir króna	2005	2006
Handbært fé frá rekstri	20.294	48.791
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	68.671	46.785
Afborgun lána	-61.557	-41.565
Brúttó lánsfjárfjöfnuður	3.814	1.921
Lántökur	9.048	25.961
Greiðsluafkoma	12.862	27.882

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Verðbólga (nóv.)	4,2	7,3
Kjarnaverðbólga (nóv.)	4,6	7,2
Launavísitala (október)	6,9	11,0
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,5	12,6
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	5,3	4,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (okt.)	1,6	1,1